

Athugasemdir við mál nr. 318/2019 í samráðsgátt stjórnvalda „Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða“

Athugið að eftirfarandi er einungis skoðun mín og endurspeiglar ekki endilega viðmið þeirra samtaka þar sem ég sit í stjórn.

Þessi drög eru mikið betri en fyrri drög. Ég er þó ekki sáttur við nafnið. Stofnunin á að heita Náttúruvernd Íslands, eða bara Náttúruverndin.

Það er bókað mál að það eigi einungis að vera ein stofnun sem fer með málefni þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Hér vantar þó ákvæðið um að allar þjóðlendur skulu fara í umsjón stofnunarinnar þegar þjóðlendan hefur verið stofnuð í fasteignaskrá.

12.gr. Umdæmisráð

- Ég tel að umdæmisráð séu óþörf. Frekar á að fara í það að halda nokkurskonar þjóðfundum þegar gera á stjórnunar og verndaráætlun fyrir svæðið. Með henni verði gerður forgangsraðaður, kostnaðargreindur listi með verkefnum. Þessum þjóðfundum eiga sérmenntaðir aðilar í náttúrufræðum og menningarfræðum að stjórna. Þess inn á milli vinnur þjóðgarðsvörður að ákvörðunum sem teknar voru í stjórnunar- og verndaráætlun. Leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi fer eftir reglum atvinnustefnu og framkvæmdir ákveðnar í viðeigandi sveitarfélagi. Skiptingu fjármagns milli svæða skal ákveðið í stjórn.

IV. Kafli.

Stjórnunar og verndaráætlun getur verið ágætis tæki, en er oft alltof flókið.

Ég tel að stjórnunar og verndaráætlun skuli vera á formi landfræðilegra upplýsingagagna og sýnd í kortaviðmóti. Annað sem viðkemur skal vera í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þar sem þjóðgarðar spanna mörg sveitarfélög þá geta þau komið sér saman til að gera svæðisskipulag sem nær til landsvæðis sveitarfélaganna innan þjóðgarðs og áhrifasvæðis hans.

Ekki breyta 3. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd 60/2013

Sævar Þór Halldórsson
Náttúrufræðingur,

Aðalmaður í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd umhverfisverdarsamtaka,
Varaformaður SUNN - Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi,
Varaformaður Landvarðafélags Íslands.
s@ku.is